



## Kjósarhreppur

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025-2028, GREINARGERÐ  
SVEITARSTJÓRN KJÓ SARHREPPS  
SEINNI UMRÆÐA 11. DESEMBER 2025

## Innihald

Inngangur .....	2
Forsendur .....	3
Skatttekjur .....	4
Laun og launatengd gjöld .....	5
Rekstrarniðurstaða .....	6
Málaflokkar .....	6
Félagsmál .....	6
Fræðslu og uppeldismál .....	7
Menningarmál .....	7
Æskulýðs og íþróttamál .....	8
Brunamál og almannavarnir .....	8
Hreinlætismál .....	8
Skipulags- og byggingamál .....	9
Umferðar- og samgöngumál .....	9
Umhverfismál .....	9
Atvinnumál .....	10
Sameiginlegur kostnaður .....	10
Eignasjóður rekstur .....	10



## Inngangur

Töluverðar breytingar eru að eiga sér stað í Kjósinni. Landbúnaður er því miður að dragast saman og íbúum sem sækja vinnu á stórhöfuðborgarsvæðinu fjölga. Einnig er töluvert um að fólk sem er hætt að vinna flytji í Kjósina til að njóta kyrrðarinnar sem dreifbýlið hefur uppá að bjóða.

Umtalsverð ásókn er í lóðir, bæði fyrir íbúðarhús og frístundahús. Með tilkomu Sundabrautar, sem gert er ráð fyrir að fari útboð á næsta ári, má gera ráð fyrir stórauðinni eftirspurn eftir lóðum í Kjósinni. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps. Það er liður í því að aðlaga skipulagið að breyttu samfélagi og ekki síður til að vera viðbúin aukinni sókn í búsetu í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á að Kjósarhreppur verði viðbúinn slíkri aðsókn og hafi stjórn á þeirri þróun.

Við gerð aðalskipulagsins hefur gengið vel að fá íbúa og frístundahúsaeygndur til að taka þátt. Haldin var vinnustofa á i Félagsgarði sem var vel sótt. Gerðar hafa verið skoðanakannanir þar sem óskað var eftir þátttöku allra áhugasamra og nú síðast voru landeigendur boðaðir á fund þar sem farið var yfir fyrirhuguð framtíðaráform þeirra um nýtingu landsins. Niðurstöður úr öllu þessu eru nýttar til að leggja fram tillögu að endurskoðuð aðalskipulagi sem verður svo auglýst og fá íbúar fá þá aftur tækifæri til að koma með athugasemdir áður en það verður staðfest. Með góðri samvinnu aukast líkurnar á að vel takist til við verkið. Endurskoðun aðalskipulags tekur að jafnaði tvö ár.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps leggur nú fram þriðju fjárhagsáætlunina á þessu kjörtímabili. Útlit er fyrir heldur skárra ytri aðstæður ef spár ganga eftir. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að verðlagsvísitala á árinu 2025 verði 3,9 % sem er talsverð lækkun frá fyrra ári. Stýrivextir hafa verið lækkaðir í tvö síðustu skipti sem peningastefnunefnd hefur komið saman, þetta tvennt gefur okkur von um bjartari tíma. Auðvitað er hvorugt í hendi og því mikilvægt að stíga varlega til jarðar við gerð fjárhagsáætlunar.

Á kjörtímabilinu hefur verið gengið frá nýjum samningum við Reykjavíkurborg um leik- tónlistar- og grunnskóla sem og við Mosfellsbæ um félagsþjónustu, þannig að kostnaður vegna þessara málaflokka er nokkuð fyrirsjáanlegur. Eins var farið í útboð á snjómokstri og útboð á meðferð úrgangs er að fara í loftið öðru hvoru megin við áramót. Þessir fjórir málflokkar eru fjárfrekustu málflokkarnir í rekstri sveitarfélagsins, þess vegna er mikilvægt að hafa ákveðin fyrirsjáanleika í þeim.

Í áætlun næsta árs eins og í síðustu tveimur áætlunum, er lögð áhersla á að styðja við börn og ungmenni til tómstundastarfs í formi hækkunar á frístundastyrk til þeirra og veruleg hækkun er einnig á heimgreiðslum til foreldra ungbarna.

Í áætluninni en gert ráð fyrir ýmsum endurbótum á eignum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum á móttökustöð úrgangs að Hurðarbaksholti. Framkvæmdin felst í að malbika nýja akgrein frá hliði og skipta út ónýtu malbiki á hluta plansins. Einnig er gert ráð fyrir að keypt verði annað fellihlið sem verður sett á útkeyrslu akreins plansins, eins er gert ráð fyrir að bæta verulega aðstöðu starfsfólks.



Gert ráð fyrir að sett verði upp leiksvæði fyrir börn og ungmenni á lóð Ásgarðs. Þil stóð að byrjað yrði á þessu svæði á síðasta ári, Ærslabelgur var keyptur en ekki náðist að setja hann upp. Ráðist verður í þessar framkvæmdir strax í vor. Gert er ráð fyrir að svæðið verði fullklárað með fleiri leikækjum og grillaðstöðu á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir að hluta klæðningar á Félagagarði verði skipt út, einnig er gert ráð fyrir að skipta um teppi í Ásgarði.

Það hefur vonandi ekki farið framhjá neinum að á árinu 2023 voru innleidd ný lög um meðhöndlun úrgangs þar sem ríkari krafa er gerð um flokkun. Á síðasta ári vara farið í talsverða breytingar á innheimtu þjónustugjalda. Stigið var skref til að skipta kostnaði niður á þjónustueiningar, þ.e. Gámaplan. Grenndarstöðvar og sorphirðu. Samhliða því hefur fyrirkomulagi á Gámaplani verið breytt þannig að inni í þjónustugjaldi sem greitt er með fasteignagjöldum er innifalið ákveðið magn sem hver fasteignagjalda greiðandi getur skilað af annars greiðsluskildum úrgangi. Vel hefur gengið að halda kostnaði niðri þannig að ekki þurfti að koma til vísitöluhækkunar né annarrar hækkunar á árinu 2025. Samkvæmt lögum verða þjónustugjöld að standa undir rekstri þessa málflokks, ekki má greiða hann niður með öðrum tekjum sveitarfélagsins. Besta leiðin til að draga úr kostnaði og huga að umhverfinu er að draga úr neyslu og flokka.

Rekstur sveitarfélagsins gengur vel. Kjósarhreppur mun áfram leggja á eina af lægstu útsvarsprósentu landsins sem og fasteignaskatta.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu, bæði í sveitarstjórn og nefndum og samstarfsfólki mínu hjá sveitarfélaginu fyrir frábært samstarf og þakka þeim fyrir þeirra framlag til reksturs sveitarfélagsins og þeirrar góðu niðurstöðu sem reksturinn sýnir. Við munum vafalaust öll gera okkar besta til að Kjósinn verði áfram góður búsetu kostur.

11. desember 2024

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

#### Forsendur

**Lagavísanir og skilgreiningar:** Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026–2028 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milli-viðskipti vegna innri leigu og fasteignaskatta jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum.

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Ísland þar sem við á. Í spá Hagstofunnar sem lá fyrir við gerð fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs (verðbólga) verði 3,9% á árinu 2025. Í sömu spá gerir Hagstofan ráð fyrir að launavísitalan verði 5,6%.



Í fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki til samræmis við spá um verðlagsvísitölu frá í sumar, þ.e. um 3,9%. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að laun hækki um 5,6%. Undantekning frá þessu er gjaldskrá vegna hreinlætismála sem verður óbreytt.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024

- Útsvarsprósenta 14.45 %, óbreytt frá síðasta ári.
- Álagning fasteignagjalda verður áfram 0,30 % á íbúðarhúsnæði og 0,85% á húsnæði sem nýtt er undir rekstur. Kjósarhreppur var eina sveitarfélagið þar sem fasteignamat lækkað á síðasta ári sem leiðir til lækkunar á fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis miðað við óbreytta álagningu.
- Viðmiðunarmörk afsláttar til eldri borgara eru óbreytt frá fyrra ári.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 99,3 m.kr.
- Skuldahlutfall verði 55,2 % í árslok 2024.
- Veltufjárhlutfall 1,55
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er 146 m.kr.
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrár A hluta fyrir árið 2025 hækki um 3,9 % fyrir utan fráveitugjöld sem hafa lækkað frá upphaflegri álagningu 2024 og sorpgjöld sem þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni hækkun á gjaldskrá.
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta í varanlegur rekstrarfjármunum eru 15 m.kr.
- Áætlaðar fjárfestingar hitaveitu í varanlegum rekstrarfjármunum nema nettó um 122 m.kr.

### Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

**Útsvar: Sveitarfélögum er heimilt að leggja á 14,97% til útsvars.**

**Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk sem kom til framkvæmda í tveimur áföngum árin 2023 og 2024.**

**Samkomulagið felur í sér 0,45% hækkun útsvarsálagningar. Tekjuskattsálagning var lækkuð um samsvarandi prósentu, þannig að hækkunin á útsvarshlutafallinu leiðir ekki til þess að heildarálgur á skattgreiðendur breytist. Hins vegar hefur þetta þau áhrif að útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa aukist talsvert..**

**Kjósarhreppur er í hópi þeirra sveitarfélaga sem er með hvað lægstu útsvarsálagningu á landinu. Gert er ráð fyrir að útsvar verði óbreytt 14,45% á árinu 2025. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2025 nemi um 259 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.**

**Framlög úr Jöfnunar sjóði:** Kjósarhreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og framlög til jöfnunar fasteignatekna. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls tæpum 39.3 m.kr. sem er töluverð hækkun frá síðasta ári.

**Fasteignagjöld:** Heilmild sveitarfélaga til álagningar fasteignagjalda er eftirfarandi:



- a) Allt að 0,5% af fasteignamat: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum. Með heimild til hækkunar upp í 0,625%
- b) **1,32% af fasteignamat ásamt lóðarréttindum:** Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- c) **Allt að 1,32% af fasteignamat ásamt lóðarréttindum:** Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. Með heimild til hækkunar upp í 1,65%

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2025 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2024. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Kjósarhrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flokkur	Hlutfall	Heiti	Upphæð
A	0,30%	Fasteignaskattur almennt	88.661.368
B	1,32%	Fasteignaskattur opinbert húsnæði	1.124.574
C	0,85	Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	7.349.110
		Afslattur til eldri borgara	-2.117.641
		<b>Samtals</b>	<b>95.017.411</b>

Eins og sjá má hér að ofan er Kjósarhreppur langt frá því að fullnýta álagningarheimild til fasteignagjalda. Það er ánægjulegt að geta komið til móts við fasteignaeigendur á þennan hátt en geta samt sem áður veitt góða þjónustu.

**Afsláttur af fasteignagjöldum:** Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2025 er áætlaður um 2.1 m.kr. Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2023 sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2025.

Tekjutengdur afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega álagningarárið 2024				
Afsláttur	Einstaklingar		Hjón/ fólk skráð í sambúð	
100%		6.288.459		8.035.265
75%	6.288.460	6.428.204	8.035.266	8.594.227
50%	6.428.205	6.567.946	8.594.228	9.154.454
25%	6.567.947	6.673.294	9.154.455	9.712.176

#### Laun og launatengd gjöld

Þó að skráðir íbúar í sveitarfélaginu sé undir 300 þá þjónustar starfsfólk sveitarfélagsins eigendur u.þ.b. 700 fasteigna með ýmsu móti.

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum frá 1. Janúar nk. og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætluninni er stuðst við spá hagstofunnar þar sem spáð 5,6% hækkun á launavísitölu. Á skrifstofu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir 5 starfsmönnum þ.e. hjá Kjósarveitum og sveitarfélaginu í 4,2 stöðugildum. Gert er ráð fyrir að störfum Skipulags og byggingarfulltrúa verði útvistað. Að auki er starfsmaður er í 0,2 stöðugildi við þrif á



skrifstofum og tveir starfsmenn samanlagt í 0,65 stöðugildi á Móttökustöð úrgangs. Gert er ráð fyrir að heildar kostnaður launa og launatengdra gjalda verði 70.8 m.kr. á árinu 2025.

Starfsheiti	Stöðugildi
Aðalbókari	1
Starfsm. á Skipulags- og byggingarsviðið	1
Sveitarstjóri	1
<b>Samtals á skrifstofu</b>	<b>3</b>
Framkvæmdastjóri	1
Fulltrúi	0,2
<b>Samtals Kjósarveitur og Leiðarljós</b>	<b>1,2</b>
Þrif á Ásgarði	0,2
Starfsmenn á Móttökust. Úrgangs	0,65
<b>Samtals önnur störf</b>	<b>0,85</b>
<b>Heildarfjöldi stöðugilda há Kjósarhreppi</b>	<b>5,05</b>


### Rekstrarniðurstaða

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2025 verði 593,3 m.kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði 434.3 m.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 159 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur 34.9 m.kr., áætlað er að rekstrar-niðurstaða ársins 2025 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða verði jákvæð um 99.5 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar 1.108.9 ma.kr. í árslok 2025. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 575.2 m.kr. og eigið fé 533.7 m.kr.

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að greiða upp annað af tveimur lánnum sem eru í A hluta, að upphæð 26 m.kr.

### Málaflokkar





## Félagsmál

Kjósarhreppur er með samning við Mosfellsbæ um barnaverndar- og félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum. Hefur samstarfið við Félagsþjónustu Mosfellsbæjar reynst í alla staði farsælt. Nýir samningar við Mosfellsbæ voru undirritaðir á árinu 2023 og gilda þeir til ársins 2026..

Áætlað til þjónustu við fatlað fólk er 22 m.kr. á árinu 2025, gert er ráð fyrir 10 m.kr. endurgreiðslu frá jöfnunarsjóði.

Áætlaður heildar kostnaður vegna félagsmála er 35,6 m.kr., byggist áætlunin á áætluðum framreiknuðum kostnaði ársins 2024. Þáttaka jöfnunarsjóðs í málfloknum er áætluð 10 m.kr. Að auki kemur greiðsla inn í þennan málflokk í gegnum útsvarið eins og áður hefur komið fram. Erfitt er að áætla þennan málaflokk með einhverri vissu þar sem hann byggir á þeirri þjónustu sem þörf er á hverju sinni.

Áfram er gert ráð fyrir akstursþjónustu við aldraða og félagslegri heimaþjónustu.

## Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að um 40% allra útgjalda fari til fræðslu og uppeldismála, Áfram er gert ráð fyrir að börnin í Kjósarhreppi sækji grunn-, tónlistar- og leikskóla utan sveitarfélagsins. Skólaakstur verður eins og áður, áfram verður boðið uppá akstur í félagsmiðstöðina Flógyn á Kjalarnesi.

Skrifað var undir nýjan ótímabundin samning við Reykjavíkurborg þar sem ýmis ákvæði voru endurskoðuð að beiðni Reykjavíkurborgar. Samningurinn hefur í för með sé kostnaðaraukningu en eldri samningur náði ekki yfir alla þá þjónustu sem Reykjavíkurborg er að veita Kjósarhreppi.

**Leikskóli:** Gert ráð fyrir 8 barngildum á leikskóla á árinu 2025, þetta er sami fjöldi og í fyrra. Að meðaltali er Kjósarhreppur að niðurgreiða hvert leikskólalátt um 350 þ.kr. á mánuði.

**Grunnskóli:** Börn í Kjósarhreppi stunda flest nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi en nokkur sækja aðra skóla að eigin ósk. Mjög gott samstarf hefur verið á milli skólans og sveitarfélagsins og ríkir ánægja með samstarfið. Í áætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir 17 barngildum á grunnskólaaldri. Þar sem sveitarfélagið greiðir með hverju barni getur fækkun eða fjölgun barna haft töluverð áhrif á raunverulegan kostnað.

Börnum í Kjósarhreppi stendur til boða að sækja tónlistarskólann á Kjalarnesi. Síðast liðið haust voru fimm nemendur skráðir í skólann úr Kjósarhreppi.

Kjósarhreppur styrkir framhaldsskólanema með lögheimili í Kjósinni um 60.000 fyrir hvert skólaár til að standa straum af ferðakosnaði.

Gert er ráð fyrir 110,7 m.kr. til málaflokksins.

## Menningarmál

Undir þennan lið falla m.a. nefndarlaun Fjölskyldu- og menningarnefndar, bókasafn og viðburðir eins og Kátt í Kjós og Aðventumarkaðurinn. Kjósarhreppur hefur stutt myndarlega





við þessa góðu menningarviðburði og gerir það áfram. Undir þennan málflokk fellur einnig samfélagsstyrkur. Allir einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a. vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrennavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Sjá nánar inná [kjos.is](http://kjos.is)-samfélagsstyrkir.

Samtals er gert ráð fyrir 5.1 m.kr. til málflokksins

#### Æskulýðs og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur vinnuskólinn og styrkir til frístunda barna og unglinga. Áfram er lögð áhersla á að styðja við tólmundastarf barna og unglinga. Kjósarhreppur veitir foreldrum/forráðamönnum barna 3-18 ára barna sem eru með lögheimili í Kjósarhreppi, frístundastyrk vegna þátttöku barnanna í skipulögðu íþrótt- og tólmundastarfi. Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og ungmenni á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að styrkirnir verði eftirfarandi á árinu 2025:

Styrkur kr. 75.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópinn 6-18 ára.

Styrkur kr. 35.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópinn 3-5 ára.

Samtals er gert ráð fyrir 4.1 m.kr. til málflokksins.

Í framkvæmdaáætlun er að auki gert ráð fyrir að sett verði 1.5 m.kr í uppsetningu á fyrsta áfanga fjölskyldu leiksvæðis á lóð Ásgarðs.

#### Brunamál og almannavarnir

Kjósarhreppur er með samning við Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu, gert er ráð fyrir 1.9 m.kr. vegna hans. Að auki falla undir þennan málaflokk hlutdeild í almannavörnum, búnaður og leiga á húsnæði undir búnað, samtals er gert ráð fyrir 2.9 m.kr. til málflokksins.

#### Hreinlætismál

Þjónustugjöld sem sveitarfélög innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs eiga að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins við málaflokkinn. Á kjörtímabilinu hefur verið unnið að því að fullklára framkvæmd nýrra laga um meðhöndlun úrgangs með aukinni flokkun og breyttri þjónustu. Á árinu 2024 lítur út fyrir að málaflokkurinn sé í fyrsta skipti í nokkur ár að standa undir sér með þjónustugjöldum.

Lögunum fylgir aukinn kostnaður en þó er gert ráð fyrir að innflutningsaðilar og framleiðendur greiði fyrir endurnýtingu, endurvinnslu og/eða förgun (úrvinnslu) þeirra umbúða sem þeir setja á markað. Þetta eru skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu. Sveitarfélögin fá síðan greitt úr Úrvinnslusjóði í samræmi við það sem þau skila af umbúðum. Verulega vantar uppá að þessar greiðslur frá Úrvinnslusjóði standi undir kostnaði við söfnun þó þessar greiðslur hafi verið að hækka.

Eins er kostnaður vegna sorphirðu, grenndarstöðva og Gámplans gríðarlega hár og í svo litlu sveitarfélagi fellur hann á fáa greiðendur. Vel hefur gengið að endurskipuleggja þjónustu



gámaplansins og grenndarstöðva. Á næstu mánuðum verður leitað leiða til að draga enn frekar úr kostnaði við sorphirðu frá heimilum.

Fara þurfti í verulega hækkanir á þjónustugjöldum á árinu 2024. Í áætlun fyrir árið 2025 er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun og áfram verður leitað leiða til að draga úr kostnaði.

Vinna við útboð á þjónustu vegna úrgangsmála hefur staðið yfir síðustu mánuði og er nú allt tilbúið til útboðs. Útboðið verður sett í loftið öðru hvoru megin við áramótin. Gert er ráð fyrir að nýr samningur taki gildi 1. Júlí 2025.

Rotþróargjöld: Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

Rotþróargjald verður 12.5 þ.kr. á árinu 2025. Rotþróar gjald lækkar frá síðustu áætlun.

Vegna aukalhreinsunar, sé óskað eftir henni, greiðir fasteignaeigandi samkvæmt gjaldskrá Hreinsitækni. Ef fara þarf sérstaka ferð í auka hreinsun leggst akstur ofan á gjaldið. Unnið hefur verið að endurskipulagningu hreinsana í samstarfi við þjónustuaðilann til að draga úr sívaxandi kostnaði.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hreinsun á rotþróum verði 9 m.kr. áætlað er að þjónustugjöld standi undir þeim kostnaði.

#### Skipulags- og byggingamál

Aukinn þungi hefur verið að færast á þennan málaflokk samhliða vaxandi uppbygginu í sveitarfélaginu. Unnið hefur verið að því að styrkja skipulags- og byggingarsvið til að geta veitt íbúum sem besta þjónustu.

Mjög illa hefur gengið hjá minni sveitarfélögum að ráða til sín skipulags- og byggingarfulltrúa. Á síðasta ári var farin sú leið að útvista þjónustu skipulagsfulltrúa sem hefur gengið mjög vel, þegar núverandi byggingarfulltrúi lætur af störfum að eigin ósk, um áramótin verður störfum byggingarfulltrúa sömuleiðis útvistað. Þetta væri ekki hægt nema vegna þess að við erum með góðan starfmann á Skipulags- og byggingarsviði sem sér um flest samskipti og veitir þjónustu til íbúana á skrifstofunni.

Á árinu hefur vinna við endurskoðun aðaskipulags Kjósarhrepps staðið yfir og gengið vel, stefnt er að því að verkið klárast í byrjun árs 2026. Gert er ráð fyrir 5 milljónum til aðaskipulagsvinnunnar, þá er búið að draga frá helming kostnaðar sem fæst endurgreiddur úr Skipulagssjóði.

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir 29 m.kr. til málaflokksins.

#### Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málaflokk falla göngu- og hjólastígar, umhverfismerkingar, viðhald gatna, snjómokstur og hálfuvarnir. Farið var í útboð á vetrarþjónustu á árinu 2024 sem fer í auglýsingu öðru hvoru megin við áramót. Kallað hefur verið eftir aukinni vetrarþjónustu sem er í takt við þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið í Kjósinni, Nú eru fleiri sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið og þurfa að komast að heiman í morgunsárið. Aukinni þjónustu fylgir óhjákvæmilega aukinn kostnaður. Það er alltaf erfitt að áætla þennan lið af einhverri vissu.



Undir þennan málflokk falla líka styrkir sem veittir eru til frístundahúsafélaga til vetrarþjónustu. Sömuleiðis er undir þessum málflokk áætlað fyrir gerð göngustíga og merkinga.

Samtals er áætlað til þessa málflokks 18,2 m.kr.

#### Umhverfismál

Undir þennan málflokk falla minka- og refaveiðar ásamt fegrun umhverfisins í Kjós. Í áætluninni er gert ráð fyrir að farið verði í umhverfisátak næsta vor eins og á síðasta ári,

Heildar kostnaður við þennan málflokk er áætlaður 4,1 m.kr.

#### Atvinnumál

Undir þennan málflokk falla landbúnaður og vatnsból. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. til málflokksins, að stærstum hluta fellur sá kostnaður til vegna viðhalds girðinga.

#### Sameiginlegur kostnaður

Skrifstofa Kjósarhrepps er miðstöð sveitarfélagsins og leysir af hendi þau verkefni sem falla undir fjármál, þjónustu og þróun í sveitarfélaginu. Meðal annars kostnaðar sem fellur undir þennan málflokk eru laun sveitarstjóra, aðalbókara, og sveitarstjórnar, samstarf sveitarfélaga, endurskoðun, ársreikningagerð, flestir þjónustusamningar, leyfamál og skjalavistun.

Kjósarhreppur er þátttakandi í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu með fjármögnun stafræns umbreytingarteymis hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnin eru:

**Stafrænir innviði:** Microsoft leyfamál, einfaldari skjalavistun og rafræn skil til Þjóðskjalasafns.

**Sameiginleg þjónustuþróun:** Sameiginlegt spjallmenni, umsókn um félagslegt leiguhúsnæði á Ísland.is.

**Deiling og uppsetning opinna stafrænna lausna á [stafræn.sveitarfélög.is](http://stafræn.sveitarfélög.is):** Sorphirðudagatal, reiknivél leikskólagjalda, reiknivél húsæðisstuðnings, reiknivél fasteignagjalda, reiknivél frístundagjalda, ábendingagátt.

Gert er ráð fyrir að til þessa málflokks fari 75 m.kr.

#### Eignasjóður rekstur

**Ásgarður:** Í Ásgarði er aðsetur stjórnsýslunnar í Kjósarhreppi. Auk þess eru leigð út skrifstofurými til þriggja aðila og íbúð á annarri hæð. Á síðasta ári var steiptur rampur við húsið, á árinu 2025 er áætlað að sett verði ný gólfefni á hluta hússins. Markvisst hefur verið unnið að endurbótum og endurskipulagningu hússins svo það megi nýtast sem best fyrir íbúa og starfsemi sveitarfélagsins.

Félagsgarður: Félagshemilið Félagsgarður er leigður út til þriðja aðila. Gert er ráð fyrir að skipt verði um klæðningu á framhlið hússins á árinu 2025. . Stefnt er að því að skipta um alla klæðningu á áhúsinu á næstu árum, sem er farin að láta á sjá.



Aðrar eignir í eignasjóði eru Möðruvellir land, móttökuhús á gámaplani, Möðruvallarétt, Ásgarðslandið og Birkihlíð/lóð.

Gert er ráð fyrir að eignasjóður verði rekin með 13 m.kr. halla.

